


YERVOY[®] (ipilimumab)

Öryggiskort fyrir sjúkling

Þetta öryggiskort var yfirfarið af Lyfjastofnun í nóvember 2020
6. útgáfa: 7311S2006143-01

 Bristol Myers Squibb™

Mikilvægar upplýsingar fyrir sjúklinga

Hafðu öryggiskortið alltaf meðferðis til að upplýsa heilbrigðisstarfsmenn um að þú sért á meðferð með YERVOY einu sér.



Ef þú færð einhver eftirtalinna einkenna skaltu strax láta lækinn vita. Athugaðu að listinn er ekki tæmandi.

HUGSANLEGAR AUKAVERKANIR

ÞARMAR OG KVIÐUR



- niðurgangur (vatnskenndar, lausar eða linar hægðir), blóðugar eða dökkar hægðir
- hægðalosun er oftar en venjulega
- verkur eða eymsli í maga eða á kviðsvæði, ógleði, uppköst

LIFUR



- gul augnhvíta eða húð (gula)
- verkur hægra megin í kvið
- dökkt þvag

HÚÐ



- húðútbrot með eða án kláða, þurr húð
- blöðrun og/eða húðflögnun, sár í munni
- þroti í andliti eða bólgnir eitlar

AUGU



- roði í augum
- verkur í augum
- sjónvandamál eða þokusjón

TAUGAR



- vöðvamáttleysi
- dofi eða fiðringur í hand- og fótleggjum eða andliti
- sundl, meðvitundarleysi eða erfiðleikar við að vakna

ALMENNAR



- hiti, höfuðverkur, þreyta
- blæðing
- atferlisbreytingar (t.d. minnkuð kynhvöt, píringur eða gleymaska)
- ofþornun, lágur blóðþrýstingur, lost

MIKILVÆGT

- Láttu lækninn vita um öll fyrri veikindi.
- Því fyrr sem meðferð við aukaverkunum hefst því minni líkur eru á að hætta þurfi meðferð með YERVOY tímabundið eða fyrir fullt og allt.
- Einkenni sem geta verst væg geta skyndilega versnað ef ekkert er að gert.
- Þú **SKALT EKKI** reyna að meðhöndla þessi einkenni upp á eigin spýtur.
- Aukaverkanir geta verið síðbúnar og geta komið fram vikum eða mánuðum eftir síðasta skammt af YERVOY.

Frekari upplýsingar er að finna í fylgiseðli fyrir YERVOY: www.serlyfjaskra.is.

Upplýsingar um lækninn (sem ávísaði YERVOY)

Nafn læknis:

Sími á vinnutíma:

Sími utan vinnutíma:


Mínar upplýsingar

Nafn og sími:

Nafn og símanúmer umönnunaraðila (í neyðartilvikum):

MIKILVÆGAR upplýsingar fyrir heilbrigðisstarfsmenn

- Sjúklingurinn er á einlyfjameðferð með **YERVOY**.
- Ónæmistengdar aukaverkanir geta komið fram hvenær sem er á meðferðartímanum eða nokkrum mánuðum eftir síðasta skammt.
- Snemmgreining og tafarlaus viðeigandi meðferð þessara ónæmistengdu aukaverkana er nauðsynleg til að lágmarka lífshættulega fylgikvilla.
- Hjálplegt getur verið að leita ráða hjá krabbameinslækni eða öðrum sérfræðilækni við meðferð ónæmistengdra aukaverkana sem tengjast ákveðnum líffærum.
- Frekari upplýsingar fyrir heilbrigðisstarfsmenn er að finna í samantekt á eiginleikum YERVOY: www.serlyfjaskra.is.

 **Læknirinn sem sér um Yervoy meðferðina á að fylla út samskiptaupplýsingarnar í öryggiskortinu.**